

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 12. janúar 1983 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á landnotkun í aðalskipulagi Reykjavíkur að í stað íbúðasvæðis á staðgreinireit 1.254, sem er spildan næst núverandi íbúðabyggð við Skipholt, komi miðbæjarsvæði.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 53

31. janúar 1983

## AUGLÝSING

### um umferð á Dalvík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Dalvíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að bifreiðastöður skuli bannaðar á Skíðabraut að austanverðu, frá Vegamótum og að gatnamótum Grundargötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Bæjarfógetinn á Dalvík, 31. janúar 1983.*

**Eliás I. Eliasson.**

Nr. 54

10. febrúar 1983

## REGLUGERÐ

### um notkun nítítra og formalíns sem rotvarnarefna til geymslu á loðnu og öðrum bræðslufiski.

1. gr.

Leyfi til notkunar nítítra er háð því skilyrði, að verksmiðjustjóri (vinnslustjóri) tilkynni Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, ef notað er nítít til rotvarnar á loðnu eða öðrum bræðslufiski. Leyfi er því aðeins veitt, að verksmiðjan hafi í þjónustu sinni kunnáttumann, sem kann skil á notkun rotvarnarefna og getur gert nítítákvarðanir.

2. gr.

Hráefni (loðna og annar bræðslufiskur) má aldrei innihalda meira en 150 mg/kg nítít, þegar það er unnið. Allar nítítákvarðanir í hráefni skulu bókfærðar og er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins heimill aðgangur að þessum niðurstöðum. Leyfilegt er að blanda saman rotvörðu og órotvörðu hráefni að því tilskildu, að nítítinnihald þess rotvarða sé undir 200 mg/kg og tryggt sé, að blöndun hráefnis sé góð.